vis.is

# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar – 30. september 2023



# Vátryggingafélag Íslands hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1. janúar - 30. september 2023

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 2-3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Eiginfjáryfirlit | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 7 |
| Skýringar | 8-13 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.
Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífís) og SIV eignastýringar hf. Samstæðan starfar á sviði skaðatrygginga, líftrygginga og fjármála. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samstæðunnar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

## Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á fyrstu níu mánuðum ársins 1.680 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 51.662 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 17.719 milljónum króna.

Samsett hlutfall tímabilsins var 100,5% (9M 2022: 95,8%), tjónahlutfall var 75,7% (9M 2022: 71,9%), hreint kostnaðarhlutfall af endurtryggingasamningum 3,0% (9M 2022: 2,0%) og kostnaðarhlutfall vátryggingasamninga var 21,8% (9M 2022: 21,8%). Ávöxtun fjáreigna var jákvæð um 7,6% (9M 2022: 2,6%).

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 16. mars. Í aðalstjórn voru kosin Stefán Héðinn Stefánsson, stjórnarformaður, Vilhjálmur Egilsson, varaformaður stjórnar, Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, Guðný Hansdóttir og Marta Guðrún Blöndal. Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir og Sveinn Friðrik Sveinsson voru kosin í varastjórn félagsins.

Félagið gaf út afkomuspá fyrir árið 2023 þann 3. febrúar og gerði spáin ráð fyrir að samsett hlutfall yrði 96-98%. Þann 24. ágúst voru gefnar út uppfærðar horfur fyrir árið þar sem gert er ráð fyrir að samsett hlutfall verði á bilinu 98-100%. Félagið mun tilkynna ef breytingar verða á horfum ársins um samsett hlutfall, s.s. vegna stórra tjóna eða annars sem hefur umtalsverð áhrif á rekstur félagsins, svo að verðmótandi teljist fyrir hlutabréf þess.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

## Hlutafé og ráðstöfun hagnaðar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.697 milljónum króna (þar af eigin bréf 1 milljón króna), og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hluthafar félagsins voru 884 í lok tímabilsins en voru 937 í ársbyrjun. Um 55% (2F 2023: 57%) hluta eru í eigu lífeyrissjóða, 26% (2F 2023: 25%) í eigu annarra lögaðila, 2% (2F 2023: 1%) í eigu fjármálafyrirtækja, 8% (2F 2023: 8%) í eigu einstaklinga, 5% (2F 2023: 6%) í eigu innlendra sjóða og 4% (2F 2023: 4%) í eigu erlendra sjóða. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs að fjárhæð 940 milljónir eða 0,554 kr. á hlut, var samþykkt á aðalfundi félagsins og greiddi félagið arð til hluthafa þann 28.mars s.l.

Félagið gekk frá kaupum á Fossum fjárfestingarbanka þann 2. október sl. og bankinn kemur því inn í samstæðu félagsins frá og með fjórða ársfjórðungi þessa árs. Hlutafé félagsins var aukið um 210 milljónir nýrra hluta sem var notað sem gagngjald í kaupunum á Fossum. Hlutafé félagsins eftir hlutafjáraukningu er kr. 1.906.700.000 að nafnverði.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2023 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. september 2023. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjórar Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. október 2023

**Í stjórn**

| | |
|---|---|
| Stefán Héðinn Stefánsson<br>stjórnarformaður | Vilhjálmur Egilsson<br>varaformaður |
| Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason | Marta Guðrún Blöndal |
| Guðný Hansdóttir | |

**Forstjórar**

| | |
|---|---|
| Guðný Helga Herbertsdóttir | Haraldur Þórðarson |

# Rekstrarreikningur fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2023

| | Skýr. | 3F 2023 | 3F 2022 * | 9M 2023 | 9M 2022 * |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur af vátryggingasamningum | 6 | 6.952.232 | 6.392.916 | 19.630.537 | 18.207.506 |
| Kostnaður af vátryggingasamningum | 7 | (6.344.821) | (5.986.355) | (19.142.719) | (17.077.818) |
| Afkoma af endurtryggingasamningum | | (238.933) | (99.684) | (589.756) | (358.843) |
| **Afkoma af vátryggingasamningum** | | 368.479 | 306.877 | (101.938) | 770.844 |
| Aðrar fjárfestingartekjur | | 182.705 | 130.544 | 448.297 | 293.918 |
| Gangvirðisbreyting fjárfestinga | 8 | 594.102 | 110.839 | 2.806.387 | 584.340 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestinga | | (78.389) | (61.215) | (239.198) | (197.428) |
| **Afkoma fjárfestinga** | | 698.418 | 180.169 | 3.015.486 | 680.830 |
| Fjármagnsliðir vátrygginga | | (215.647) | (395.958) | (668.611) | (556.385) |
| **Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði** | | 482.771 | (215.789) | 2.346.875 | 124.445 |
| **Afkoma af vátryggingasamningum og fjárfestingum** | | 851.249 | 91.087 | 2.244.937 | 895.290 |
| Aðrar tekjur | | 35.627 | 8.115 | 77.761 | 33.708 |
| Annar kostnaður | | (79.423) | (9.064) | (203.521) | (38.519) |
| Aðrir fjármagnsliðir | 12 | (95.094) | (142.079) | (371.674) | (395.687) |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | | 712.360 | (51.941) | 1.747.502 | 494.792 |
| Tekjuskattur | 9 | (104.888) | (17.692) | (67.838) | (15.596) |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | 607.471 | (69.633) | 1.679.664 | 479.197 |
| **Hagnaður tilheyrir** | | | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 613.957 | (69.633) | 1.693.417 | 479.197 |
| Hlutdeild minnihluta | | (6.486) | 0 | (13.753) | 0 |
| | | 607.471 | (69.633) | 1.679.663 | 479.197 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 0,35 | (0,04) | 0,98 | 0,27 |

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 30. september 2023

| | Skýr | 30.9.2023 | 31.12.2022* |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 272.864 | 346.180 |
| Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir | | 1.315.573 | 1.414.824 |
| Húsaleiguréttindi | | 535.727 | 615.906 |
| Skatteign | | 13.599 | 78 |
| Fjárfestingareignir | 10 | 43.376.463 | 41.854.357 |
| Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | | 989.034 | 1.154.453 |
| Endurtryggingaeignir | | 1.177.499 | 1.137.811 |
| Aðrar kröfur | | 1.799.614 | 1.250.281 |
| Handbært fé | | 2.182.036 | 2.380.526 |
| **Eignir samtals** | | 51.662.407 | 50.154.414 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.695.550 | 1.715.600 |
| Lögbundinn varasjóður | | 625.620 | 625.620 |
| Bundið eigið fé | | 3.178.914 | 6.671.783 |
| Óráðstafað eigið fé | | 12.180.431 | 8.265.816 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélags | | 17.680.516 | 17.278.819 |
| Hlutdeild minnihluta | | 38.207 | 45.960 |
| Eigið fé samtals | | 17.718.723 | 17.324.779 |
| **Skuldir** | | | |
| Víkjandi skuldabréf | 12 | 3.491.190 | 3.320.195 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 116.329 | 116.389 |
| Húsaleiguskuldbinding | | 583.747 | 663.802 |
| Skuldbinding vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar | 13 | 2.651.112 | 2.206.927 |
| Skuldbinding vegna orðinna tjóna | 13 | 23.913.973 | 22.880.803 |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | | 989.034 | 1.154.453 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | | 2.198.299 | 2.487.066 |
| Skuldir samtals | | 33.943.685 | 32.829.635 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 51.662.407 | 50.154.414 |

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2023

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **2022** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2022 | 1.750.000 | 625.620 | 9.371.188 | 8.705.832 | | 20.452.640 |
| Greiddur arður 2 kr. á hlut | | | | (3.500.000) | | (3.500.000) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 479.197 | | 479.197 |
| Bundið eigið fé vegna verðbréfa | | | (1.195.624) | 1.195.624 | | 0 |
| Eigið fé 30.9.2022 | 1.750.000 | 625.620 | 8.175.564 | 6.880.653 | 0 | 17.431.837 |
| **2023** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2023 | 1.715.600 | 625.620 | 6.671.783 | 8.265.816 | 45.960 | 17.324.779 |
| Breyting eignarhluta í dótturfélagi | | | | 0 | 6.000 | 6.000 |
| Greiddur arður 0,554 kr. á hlut | | | | (939.335) | | (939.335) |
| Keyptir eigin hlutir | (20.050) | | | (332.335) | | (352.385) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 1.693.417 | (13.753) | 1.679.663 |
| Bundið eigið fé vegna verðbréfa | | | (3.492.869) | 3.492.869 | | 0 |
| Eigið fé 30.9.2023 | 1.695.550 | 625.620 | 3.178.914 | 12.180.431 | 38.207 | 17.718.723 |

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2023

| | 9M 2023 | 9M 2022 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Heildarhagnaður tímabilsins | 1.679.664 | 479.197 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 220.314 | (172.842) |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna | (2.806.387) | (584.340) |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | (6.014) | (577) |
| Afskriftir | 453.694 | 443.110 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | |
| Fjárfestingareignir, breyting | 1.139.633 | 2.770.699 |
| Viðskiptakröfur, breyting | (2.200.080) | (1.740.864) |
| Endurtryggingaeignir, breyting | (45.611) | (121.188) |
| Aðrar eignir, breyting | (289.844) | (467.113) |
| Tekjuskattsskuldbinding, breyting | (13.582) | 30.856 |
| Vátryggingaskuldir, breyting | 3.417.946 | 3.227.942 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting | (282.843) | (16.855) |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | 1.266.890 | 3.848.024 |
| Innborgaðar fjármunatekjur | 605.453 | 720.769 |
| Greidd fjármagnsgjöld | (517.449) | (191.192) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 1.354.895 | 4.377.601 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | (55.670) | (29.234) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 25.200 | 7.132 |
| Keyptar óefnislegar eignir | (125.749) | (179.506) |
| Seldur eignarhluti í dótturfélagi | 6.000 | 0 |
| | (150.220) | (201.606) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Keyptir eigin hlutir | (352.385) | 0 |
| Greiddur arður | (939.335) | (3.500.000) |
| Höfuðstóls afborganir húsaleiguskuldar | (118.770) | (104.125) |
| | (1.410.490) | (3.604.125) |
| Breyting handbærs fjár | (205.815) | 571.869 |
| Handbært fé í upphafi árs | 2.380.526 | 1.552.903 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | 7.325 | (11.499) |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 2.182.036 | 2.113.268 |

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífís) og SIV eignastýringar hf. Samstæðan starfar á sviði skaðatrygginga, líftrygginga og fjármála. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samstæðunnar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning hennar fyrir árið 2022.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins www.vis.is og á vef Kauphallar Íslands www.nasdaqomxnordic.com

Árshlutareikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundi þann 19. október 2023.

### Nýir reikningsskilastaðlar

Reikningsskilastaðlarnir IFRS 9 Fjármálagerningar og IFRS 17 Vátryggingasamningar voru innleiddir hjá samstæðunni þann 1. janúar 2023. Áhrif innleiðingar IFRS 9 voru óveruleg en taflan hér að neðan sýnir áhrif innleiðingar IFRS 17.

**Áhrif innleiðingar IFRS 17 á fjárhæðir ársins 2022**

| Rekstrarreikningur | IFRS 17 | IFRS 4 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Tekjur af vátryggingasamningum | 18.207.506 | 17.891.802 | 315.704 |
| Kostnaður af vátryggingasamningum | (17.077.818) | (17.042.523) | (35.295) |
| Afkoma af endurtryggingasamningum | (358.843) | (365.783) | 6.941 |
| Aðrar fjárfestingartekjur | 293.918 | 568.528 | (274.610) |
| Gangvirðisbreyting fjárfestinga | 584.340 | 584.340 | 0 |
| Rekstrarkostnaður fjárfestinga | (197.428) | (286.251) | 88.823 |
| Fjármagnsliðir vátrygginga | (556.385) | (467.562) | (88.823) |
| Aðrir fjármagnsliðir | (395.687) | (395.687) | 0 |
| Aðrar tekjur og gjöld | (4.811) | 33.708 | (38.519) |
| Virðisrýrnum viðskiptakrafna | 0 | (25.780) | 25.780 |
| Tekjuskattur | (15.596) | (15.596) | 0 |
| Hagnaður tímabilsins | 479.197 | 479.197 | 0 |

| Efnahagsreikningur | 31.12.2022 IFRS17 | 31.12.2022 IFRS4 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 0 | 6.567.183 | 6.567.183 |
| Vátryggingaskuldir | 26.934.354 | 33.501.537 | (6.567.183) |
| Kostnaðarhlutfall | 21,8% | 21,8% | 0,0% |
| Tjónahlutfall | 71,9% | 77,1% | 5,2% |
| Endurtryggingahlutfall | 2,0% | 2,0% | 0,0% |
| Samsett hlutfall | 95,8% | 100,9% | 5,1% |

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjárfestingareignir; sjá skýringu nr. 10
- skuldbinding vegna vátryggingasamninga; sjá skýringu nr. 13

# Skýringar

## 5. Starfsþáttagreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2023 var eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur af vátryggingasamningum | 18.231.928 | 1.398.609 | 0 | 19.630.537 |
| Afkoma fjárfestinga | 0 | 0 | 3.015.486 | 3.015.486 |
| Heildartekjur | 18.231.928 | 1.398.609 | 3.015.486 | 22.646.023 |
| Kostnaður af vátryggingasamningum | (18.355.203) | (787.516) | 0 | (19.142.719) |
| Afkoma af endurtryggingasamningum | (537.292) | (52.465) | 0 | (589.756) |
| Fjármagnsliðir vátrygginga | 0 | 0 | (668.611) | (668.611) |
| Rekstrarafkoma starfsþáttar | (660.566) | 558.628 | 2.346.875 | 2.244.937 |
| Aðrar tekjur | | | | 77.761 |
| Annar kostnaður | | | | (203.521) |
| Aðrir fjármagnsliðir | | | | (371.674) |
| Tekjuskattur | | | | (67.838) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 1.679.664 |

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 333 milljónir króna og í fjármálarekstri 2 milljónir króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 181 milljón króna og sala rekstrarfjármuna í skaðatryggingarekstri 19 milljónir króna.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2022 var eftirfarandi: *

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur af vátryggingasamningum | 16.962.127 | 1.245.379 | 0 | 18.207.506 |
| Afkoma fjárfestinga | 0 | 0 | 680.830 | 680.830 |
| Heildartekjur | 16.962.127 | 1.245.379 | 680.830 | 18.888.336 |
| Kostnaður af vátryggingasamningum | (16.191.621) | (886.197) | 0 | (17.077.818) |
| Afkoma af endurtryggingasamningum | (342.123) | (16.720) | 0 | (358.843) |
| Fjármagnsliðir vátrygginga | 0 | 0 | (556.385) | (556.385) |
| Rekstrarafkoma starfsþáttar | 428.383 | 342.461 | 124.445 | 895.290 |
| Aðrar tekjur | | | | 33.708 |
| Annar kostnaður | | | | (38.519) |
| Aðrir fjármagnsliðir | | | | (395.687) |
| Tekjuskattur | | | | (15.596) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 479.197 |

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 333 milljónir króna og í fjármálarekstri 2 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 209 milljónir króna og sala rekstrarfjármuna í skaðatryggingarekstri 7 milljónir króna.

# Skýringar

## 6. Tekjur af vátryggingasamningum

| | 9M 2023 | 9M 2022 * |
|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 19.327.586 | 17.958.675 |
| Aðrar tekjur af vátryggingasamningum | 302.951 | 248.830 |
| Tekjur af vátryggingasamningum | 19.630.537 | 18.207.506 |

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

## 7. Kostnaður af vátryggingasamningum

| | 9M 2023 | 9M 2022 * |
|---|---|---|
| Tjón tímabilsins | 14.864.283 | 13.100.231 |
| Rekstrarkostnaður vátryggingasamninga | 4.278.436 | 3.977.587 |
| Kostnaður af vátryggingasamningum | 19.142.719 | 17.077.818 |

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

## 8. Gangvirðisbreytingar fjárfestingareigna

| | 9M 2023 | 9M 2022 |
|---|---|---|
| Gangvirðisbreytingar hlutabréfa | 1.404.883 | 417.753 |
| Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna | 1.401.504 | 166.587 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | 2.806.387 | 584.340 |

Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 145 (9M 2022: 206) milljóna króna arður af hlutabréfaeign.

## 9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn.

**Virkt skatthlutfall:**

| | 1. janúar - 30. september 2023 | | 1. janúar - 30. september 2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 1.747.502 | | 494.792 | |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 349.500 | 20,0% | 98.958 | 20,0% |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 9 | 0,0% | 6 | 0,0% |
| Fenginn arður | (28.929) | -1,7% | (41.109) | -8,3% |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | (252.047) | -14,4% | (42.442) | -8,6% |
| Aðrar breytingar | (694) | 0,0% | 182 | 0,0% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 67.838 | 3,9% | 15.596 | 3,2% |

## 10. Fjárfestingareignir

| Fjárfestingareignir greinast þannig: | 30.9.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| **Eignarhlutar í öðrum félögum** | | |
| Skráð í innlendri kauphöll | 3.901.852 | 5.575.085 |
| Skráð í erlendum kauphöllum | 1.614.836 | 1.526.158 |
| Önnur félög | 6.516.386 | 7.376.043 |
| | 12.033.074 | 14.477.286 |
| **Önnur verðbréf** | | |
| Ríkistryggð, verðtryggð | 4.896.171 | 4.784.981 |
| Ríkistryggð, óverðtryggð | 2.432.749 | 4.139.665 |
| Önnur skuldabréf | 15.148.735 | 13.500.631 |
| Skuldabréfasjóðir | 6.607.433 | 2.676.493 |
| Fagfjárfestasjóðir | 2.258.302 | 2.275.300 |
| | 31.343.390 | 27.377.071 |
| Fjárfestingareignir | 43.376.463 | 41.854.357 |

## 11. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspegla mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

**Stig 1:** Gangvirðið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

**Stig 2:** Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stigi 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kauptilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

**Stig 3:** Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

**Samstæða**

| 30. september 2023 | **Stig 1** | **Stig 2** | **Stig 3** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Fjáreignir á gangvirði | 27.729.430 | 1.000.422 | 10.847.365 | 39.577.216 |

**Samstæða**

| 31. desember 2022 | **Stig 1** | **Stig 2** | **Stig 3** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Fjáreignir á gangvirði | 26.014.746 | 721.490 | 11.540.197 | 38.276.432 |

| **Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi:** | 9M 2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 11.540.197 | 11.860.409 |
| Keypt | 1.655.665 | 2.329.772 |
| Selt/afborganir | (3.506.198) | (3.266.389) |
| Flutt á milli stiga | (636.225) | (1.561.188) |
| Vextir, matsbreyting | 1.793.926 | 2.177.593 |
| Staða | 10.847.365 | 11.540.197 |

## 12. Víkjandi skuldabréf

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárþætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum upp í 6,25% 10 árum eftir útgáfu. Vextir og verðbætur víkjandi skuldabréfs koma fram í rekstrarreikningi undir öðrum fjármagnsliðum.

## 13. Skuldbinding vegna vátryggingasamninga

Skuldbinding vegna vátryggingasamninga er ákvörðuð samkvæmt reikningsskilastaðlinum IFRS 17.

| | 30.9.2023 | 31.12.2022 * |
|---|---|---|
| **Vátryggingaskuldir:** | | |
| Skuldbinding vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar | 2.651.112 | 2.206.927 |
| Skuldbinding vegna orðinna tjóna | 23.913.973 | 22.880.803 |
| Vátryggingaskuldir samtals | 26.565.086 | 25.087.730 |
| **Hlutdeild endurtryggjenda:** | | |
| Hlutdeild endurtryggjenda | 1.171.575 | 1.114.852 |
| **Vátryggingaskuldir í eigin hlut:** | | |
| Vátryggingaskuldir í eigin hlut samtals | 25.393.511 | 23.972.878 |

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

Skuldbinding vegna orðinna tjóna er reiknað mat félagsins samkvæmt IFRS 17 á fjárhæð óuppgerðra tjónsatburða á uppgjörsdegi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörsdegi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Skuldbinding vegna greiddra iðgjalda er mat á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörsdegi að frádregnum viðskiptakröfum vegna iðgjalda.

## 14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

| | 1.1.-30.9.2023 | | 30.9.2023 | |
|---|---|---|---|---|
| | Tekjur | Gjöld | Eignir | Skuldir |
| Stjórn og lykilstarfsmenn | 22.586 | 54.434 | 379.613 | 911 |

| | 1.1.-30.9.2022 | | 31.12.2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Tekjur | Gjöld | Eignir | Skuldir |
| Stjórn og lykilstarfsmenn | 10.630 | 5.840 | 456.057 | 0 |

# Skýringar

## 15. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningnum.

## 16. Lykilhlutföll

| | 9M 2023 | 9M 2022 * |
|---|---|---|
| Tjónahlutfall | 75,7% | 71,9% |
| Hreint kostn.hlutfall af endurtr.samningum | 3,0% | 2,0% |
| Tjónahlutfall að teknu tilliti til endurtr. | 78,7% | 73,9% |
| Kostnaðarhlutfall vátryggingasamninga | 21,8% | 21,8% |
| Samsett hlutfall | 100,5% | 95,8% |
| Gjaldþolshlutfall samstæðu | 1,73 | 1,58 |

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.

## 17. Ársfjórðungayfirlit

| | **3F 2023** | **2F 2023** | **1F 2023*** | **4F 2022*** | **3F 2022*** |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur af vátryggingasamningum | 6.952.232 | 6.500.845 | 6.177.460 | 6.259.617 | 6.392.916 |
| Afkoma fjárfestinga | 698.418 | 1.254.300 | 1.062.768 | 229.875 | 180.169 |
| Heildartekjur | 7.650.650 | 7.755.145 | 7.240.228 | 6.489.493 | 6.573.084 |
| Kostnaður af vátryggingasamningum | (6.344.821) | (6.152.501) | (6.645.398) | (5.595.918) | (5.986.355) |
| Afkoma af endurtryggingasamningum | (238.933) | (169.546) | (181.278) | (220.492) | (99.684) |
| Fjármagnsliðir vátrygginga | (215.647) | (403.742) | (49.222) | (27.148) | (395.958) |
| Rekstrarafkoma starfsþáttar | 851.249 | 1.029.357 | 364.331 | 645.936 | 91.087 |
| Aðrar tekjur | 35.627 | 19.094 | 23.040 | 13.664 | 8.115 |
| Annar kostnaður | (79.423) | (94.377) | (29.721) | (9.729) | (9.064) |
| Aðrir fjármagnsliðir | (95.094) | (130.858) | (145.723) | (90.656) | (142.079) |
| Tekjuskattar | (104.888) | 19.653 | 17.397 | (98.363) | (17.692) |
| Heildarhagnaður (tap) tímabilsins | 607.471 | 842.869 | 229.323 | 460.852 | (69.633) |
| | | | | | |
| Tjónahlutfall | 72,6% | 71,7% | 83,4% | 67,5% | 74,5% |
| Hreint kostn.hlutfall af endurtr.samningum | 3,4% | 2,6% | 2,9% | 3,5% | 1,6% |
| Tjónahlutfall að t.t.t. endurtr. | 76,0% | 74,3% | 86,4% | 71,1% | 76,1% |
| Kostnaðarhlutfall vátryggingasamninga | 18,7% | 22,9% | 24,1% | 21,9% | 19,1% |
| Samsett hlutfall | **94,7%** | **97,2%** | **110,5%** | **92,9%** | **95,2%** |

* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við IFRS 17, sjá nánar í skýringu 2.